

Mánudaginn 6. febrúar 1984.

Nr. 195/1981. **Björgvin P. Jónsson**

(Tómas Gunnarsson hrl.)

gegn

Elisabetu Guðmundsdóttur

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Hennýju Hermannsdóttur og

Hermanni Ragnari Stefánssyni

(Baldvin Jónsson hrl.)

Ómerking. Heimvísun. Meðdómendur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. september 1981.

Dómkröfur áfrýjanda eru þær, að stefndu verði dæmd til að greiða áfrýjanda in solidum skaðabætur að fjárhæð 24.458.67 krónur ásamt 3% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð af 29.325.24 krónum frá 20. janúar 1979 til 20. júní 1979, 4% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá þeim degi til 20. september 1979, 4.5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá þeim degi til 6. október 1982, en af 24.458.67 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Til vara krefst áfrýjandi þess, að stefndu verði dæmd in solidum til að greiða honum 24.458.67 krónur með 19% ársvöxtum af 29.325.24 krónum frá 20. janúar 1979 til 6. október 1982, en af 24.458.67 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Í báðum tilvikum krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefndu eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda gert að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt bréfi skiptaráðanda í Reykjavík 30. september 1982, sem lagt var fram í Hæstarétti, voru greiddar 4.866.57 krónur úr protabúi Parsins h/f upp í kröfur áfrýjanda.

Eins og mál þetta er vaxið, m. a. að því er varðar reikningsskil, birgðamat og viðskiptahorfur fyrirtækisins Parsins h/f, var brýnt að héraðsdómari kveddi til tvo meðdómendur, sérfróða um endurskoðun og verslunarrekstur, til þess að dæma mál þetta með sér, sbr. þágildandi 3. tölulið 200. gr. laga nr. 85/1936, sbr. nú 1. mgr. 37. gr. A sömu laga, sbr. 9. gr. laga nr. 28/1981. Þar sem málið hefur ekki sætt þeirri meðferð, sem nú var lýst, þykir óhjákvæmilegt að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins í héraði frá og með munnlegum málflutningi í þinghaldi 5. júní 1981 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms að nýju.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð frá og með þinghaldi 5. júní 1981 eiga að vera ómerk, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. júní 1981.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. júní 1981, höfðaði Björgvin P. Jónsson, Goðheimum 19, Reykjavík, með stefnu, birtri 28. september 1979, gegn Elísabetu Guðmundsdóttur, Brúnalandi 26, Reykjavík, Hennýju Hermannsdóttur, Hamraborg 6, Kópavogi, og Hermanni Ragnari Stefánssyni, Grænuhlíð 20, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmd til að greiða honum in solidum skaðabætur að fjárhæð kr. 29.352.24 með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 20. janúar 1979 til 20. júní s. á. og 4.5% dráttarvöxtum frá þeim tíma til greiðsludags og málskostnað að mati dómsins.

Dómkröfur allra stefndu eru þær, að þau verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda. Stefnda Elísabet krefst þess, að stefnandi verði dæmdur til að greiða sér hæfilegan málskostnað, en stefndu Henný og Hermann Ragnar krefjast þess, að stefnandi verði dæmdur til að greiða þeim ríflegan málskostnað.

Sáttaumleitanir dómara hafa ekki borið árangur.

Stefnandi byggir málsókn sína á því, að samkvæmt almennu skaðabóta-reglunni beri stefndu sem fyrrverandi hluthöfum og stjórnarmönnum í Parinu h/f að bæta honum það tjón, sem hann hafi orðið fyrir vegna þess, að félagið hafi eigi greitt honum víxla, sem samþykktir voru af því og féllu í gjalddaga, eftir að sala hlutafélagsins fór fram, og engar líkur standi til, að víxlar þessir verði greiddir af þrotabúi félagsins.

Stefnandi telur sig hafa sýnt fram á, að stefndu hafi gert sig seka um saknæmar og ólögmætar athafnir, sem hafi haft í för með sér það tjón, sem hann hafi beðið.

Því er mótmælt af hálfu stefndu.

Ekki verður talið, að upplýst hafi verið í máli þessu, að orsakasamband sé á milli þess, að stefnandi hefur eigi fengið víxla sína greidda, og þeirra athafna stefndu, sem stefnandi telur vera saknæmar og ólögmætar, en sönnunarbyrðin um það hvílir á stefnanda. Skortir þannig á, að leitt hafi verið í ljós, að fyrir hendi sé annað meginskilyrði þess, að almennu skaðabótareglunni verði beitt, og þykir því ástæðulaust að taka afstöðu til þess, hvort stefnandi hefur sýnt fram á eða ekki, að um saknæmar og ólögmætar athafnir stefndu hafi verið að ræða.

Af þessari ástæðu ber þegar að sýkna stefndu.

Málskostnaður, sem stefnandi greiði stefndu, telst hæfilega ákveðinn þannig: Stefnandi greiði stefndu Elísabetu kr. 6.000.00, stefndu Hennýju kr. 2.500.00 og stefnda Hermanni kr. 2.500.00.

Friðgeir Björnsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Elísabet Guðmundsdóttir, Henný Hermannsdóttir og Hermann Ragnar Stefánsson, skulu vera sýkn af kröfum stefnanda, Björgvins P. Jónssonar, í máli þessu. Stefnandi greiði stefndu Elísabetu kr. 6.000.00 í málskostnað, stefndu Hennýju kr. 2.500.00 og stefnda Hermanni Ragnari kr. 2.500.00.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.